



Reglur Ísafjarðarbæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar eru settar til að koma til móts við barnafjölskyldur með lágar tekjur til að veita afslátt af leikskólagjöldum með það að markmiði að bæta kjör fjölskyldna.

2. gr.

Tekjuviðmið

Viðmiðunartekjur skulu vera eftirfarandi:

Miðað er við heildartekjur heimilis.

Foreldrar/forráðamenn með mánaðartekjur allt að 750.000 kr. eða árslaun 0-9.000.000 kr.

Tekjuviðmið verða endurskoðuð af fræðslunefnd einu sinni á ári, í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

3. gr.

Afsláttur

Foreldrar/forráðamenn undir tekjuviðmiðum samkvæmt 2. gr. skulu fá 40% afslátt af leikskólagjöldum.

Áfram verður í gildi systkinaafsláttur en annar afsláttur eins og afsláttur til einstæðra foreldra/forgangshópa og námsmanna verður tekjutengdur.

Afsláttur er ekki veittur af fæði s.s. morgunmat, hádegismat og hressingu.

4. gr.

Skyldur

Umsóknir tekjutengds afsláttar skulu berast fyrir 15. hvers mánaðar vegna gjalda fyrir mánuðinn á eftir og skal fylgja yfirlit úr staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjú mánuði, enda eru uppfyllt skilyrði tekjuviðmiðunar samkvæmt 2. gr.

Ekki þarf að sækja um mánaðarlega en gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi umsókn um tekjutengdan afslátt einu sinni á ári að hausti.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 28. desember 2022 og taka gildi 1. febrúar 2023.